

Ár 2011, mánudaginn 20. júní, er í Áfrýjunardómstól ÍSÍ, í málinu nr. 1/2011:

Skautafélag Reykjavíkur
gegn
Skautafélagi Akureyrar

uppkveðinn svohljóðandi

dómur:

Mál þetta dæma Jón G. Zoëga, Helgi I. Jónsson og Snorri Olsen.

Áfrýjandi skaut málinu til dómstólsins með áfrýjun 14. apríl 2011. Áfrýjað er dómi Dómstóls ÍSÍ frá 2. sama mánaðar.

Málið var dómtekið 14. þessa mánaðar.

Áfrýjandi gerir eftirfarandi dómkröfur:

„a) Að mörk SA Víkinga í báðum leikjum þurrkist út og liðið tapi leikjunum skv. reglugerð nr. 3.1

b) Að viðkomandi leikmaður, Joshua Gribben, verði dæmdur frá keppni og liðið í fjársekt skv. reglugerð ÍHÍ nr. 3.2 og 3.3.“

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Samkvæmt 1. mgr. 10.7.2 gr. reglugerðar Íshökkísambands Íslands (ÍHÍ) um félagaskipti skulu erlendir leikmenn leika að minnsta kosti einn leik í hverri umferð sem spiluð er fram að úrslitakeppni eftir 1. nóvember til að teljast gjaldgengir í úrslitakeppni. Missi leikmaður úr umferð vegna meiðsla eða leikbanns tapar hann ekki gjaldgengi sínu til þátttöku í úrslitakeppni.

Fallist er á með stefnda að tilgangur fyrrnefnds reglugerðarákvæðis sé að koma í veg fyrir að félög skrái leikmenn fyrir 1. nóvember ár hvert án þess að fá þá til landsins og mæti síðan með þá beint í úrslitakeppni. Svo háttar ekki til um leikmann þann er hér um ræðir, Joshua John Gribben, en ágreiningslaust er með aðilum að hann hafi verið búsettur héraendis í þrjú ár og annast þjálfun fyrir stefnda auk þess að leika með liði hans.

Í málinu liggur fyrir læknisvottorð, dagsett 22. mars 2011, þar sem fram kemur að fyrrnefndur leikmaður hafi orðið fyrir skaða á hægri öxl 2. október 2010 eftir fall í íshökkíleik. Hann hafi verið í sjúkraþjálfun síðan þá, sem gengið hafi ágætlega, en hann hafi þó ekki náð sér að fullu. Hafi leikmaðurinn enn skerta hreyfigetu í öxlinni á útgáfudegi vottorðsins og fái verki er hann beitir hægri hendinni. Hafi þessi áverkni komið í veg fyrir að leikmaðurinn gæti keppt í íshökkí að fullu „nú í vetur“. Þá liggur jafnframt fyrir vottorð um sjúkraþjálfun leikmannsins vegna áverkans á öxlinni.

Með ofangreindu læknisvottorði er að mati dómsins nægjanlega í ljós leitt af hálfu stefnda að umræddur leikmaður hafi misst úr umferðum í undankeppni Íslandsmótsins

vegna axlarmeisla, en af því leiðir að hann tapaði ekki gjaldgengi sínu til þátttöku í úrslitakeppni Íslandsmótsins.

Með þessum athugasemdum, en að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms, er niðurstaða hans staðfest.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.